



Spáum 0,25 prósentustiga hækkun stýrivaxta í nóvember

Við spáum því að peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hækki stýrivexti um 0,25 prósentustig í næstu viku og að þeir fari þar með úr 1,5% upp í 1,75%. Vaxtahækkun nú væri eðlilegt framhald af því vaxtahækkunarferli sem hófst í vor. Þrátt fyrir að við teljum að 0,25 prósentustiga hækkun verði ofan á teljum við einnig að nokkrar líkur séu á 0,5 prósentustiga hækkun.

Peningastefnunefnd mun tilkynna um stýrivaxtaákvörðun 17. nóvember næstkomandi. Samfara því mun Seðlabankinn gefa út Peningamál með nýrri þjóðhags- og verðbólguþá. Við teljum að nefndin ákveði að hækka vexti um 0,25 prósentustig að þessu sinni.

Vextir verða áfram hækkaðir á næstu misserum


Vaxtahækkunarferli Seðlabankans hófst í maí síðastliðnum er peningastefnunefnd hækkaði vexti um 0,25 prósentustig. Síðan voru vextir aftur hækkaðir um sömu tölu í ágúst og október. Á þessu tímabili hafa vextir farið úr 0,75%, sem er sögulegt lágmark stýrivaxta hér á landi, upp í 1,5%. Fastlega má búast við að vextir bankans verði hækkaðir í skrefum næsta eina og hálfra árið eða svo. Hversu mikið þeir munu hækka og í hversu stórum skrefum ríkir hins vegar töluverð óvissa um og mun hækkun þeirra ráðast af mati Seðlabankans á verðbólgu og verðbólguhorfum.

Vaxtaákvörðanir PSN

Lagt til	Atkvæði með	Atkvæði móti	Kosið annað	Niðurst.	Meginv.
5.2.2020	-0,25	Á, RS, KÓ	GZ (óbr)	-0,25	2,75
11.3.2020	-0,50	allir		-0,50	2,25
18.3.2020	-0,50	allir		-0,50	1,75
20.5.2020	-0,75	allir		-0,75	1,00
26.8.2020	óbr.	allir		óbr.	1,00
7.10.2020	óbr.	allir		óbr.	1,00
18.11.2020	-0,25	allir		-0,25	0,75
3.2.2021	óbr.	allir		óbr.	0,75
14.3.2021	óbr.	allir		óbr.	0,75
19.5.2021	+0,25	allir	GJ (+0,50)	+0,25	1,00
25.8.2021	+0,25	allir	GJ, GZ (+0,50)	+0,25	1,25
6.10.2021	+0,25	Á, RS, KÓ	GJ, GZ (+0,50)	+0,25	1,50
17.11.2021					


Heimild: Seðlabanki Íslands

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði



Heimild: Macrobond

Væntingar markaðsaðila til ársverðbólgu



Miðgildi svara í könnunum á væntingum markaðsaðila á ársverðbólgu.

Heimild: Seðlabanki Íslands




Verðbólga drifin áfram af hækkun fasteignaverðs


Við teljum að verðbólga nái hámarki sínu í desember en í [nýútkominni spá okkar](#) spáum við því að verðbólga muni þá mælast 5,2%. Litið til þróunar á næsta ári teljum við að verðbólgan muni hjaðna smátt og smátt. Athyglisverðast í þróun verðbólgunnar á árinu hefur verið að hversu miklu leyti miklar verðhækkanir á fasteignamarkaði hafa haldið verðbólgunni uppi. Þetta sést best á samanburði á verðbólgu með og án húsnæðis. Í byrjun árs var verðbólga á hvorn mælikvarða fyrir sig nokkuð áþekkt en í vor fór að skilja á milli og meðan verðbólga án húsnæðis hefur hjaðnað úr 4,8% í mars niður í 3% í október er verðbólga enn að mælast fremur há eða 4,5% nú í október. Fram á við teljum við að það fari að hægja á þessum verðhækkunum á íbúðarhúsnæði og mun það styðja við hjöðnun verðbólgunnar.

Útilokum ekki 0,5 prósentustiga hækkun

Þó við gerum ráð fyrir að lendingin verði 0,25 prósentustiga hækkun teljum við ekki útilokað að hækkunin verði 0,5 prósentustig. Samfara ákvörðuninni koma út Peningamál með nýrri þjóðhags- og verðbólguþá sem eykur á óvissuna um hvað nefndin gerir. Verðbólguþáin mun verða hærri en í síðustu spá bankans í ágúst a.m.k. til skemmri tíma litið en gengi krónunnar er veikara en það var í ágústspánni. Ekki er aftur ráðgerður fundur í nefndinni fyrr en í febrúar sem eykur líkur á að stærra skref verði stigið í hækkun vaxta nú. Tveir nefndarmeðlimir kusu á móti tillögu Seðlabankastjóra við síðustu vaxtaákvörðun og hefðu heldur kosið 0,5 prósentustiga hækkun. Þetta voru Gylfi Zoëga prófessor, sem er utanaðkomandi nefndarmaður og Gunnar Jakobsson varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika. Þetta er í fyrsta sinn síðan í febrúar á síðasta ári að nefndarmeðlimur setur sig upp á móti tillögu seðlabankastjóra.



Breyting fasteignaverðs
Heimild: Macrobond



Heimild: Macrobond



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.